

Járnsmiðjan ehf.  
Breiðbraut 671  
262 Reykjavanesbæ

Reykjavík, 19. september 2019  
UST201904-143/S.I.  
08.14.00

**Efni: Afstaða Umhverfisstofnunar til starfsemi Járnsmiðjunnar ehf.**

Umhverfisstofnun hefur athugað starfsemi Járnsmiðjunnar ehf. vegna ábendinga sem borist hafa stofnuninni um fyrirtækið. Athugunin tók til þess hvort starfsemi fyrirtækisins félli annars vegar undir reglugerð nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs og hins vegar reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Meðal annars var athugað hvort starfsemin teldist vera malbikunarstöð.

Hugmyndir fyrirtækisins ganga út að nýta malbiks fræs sem fellur til þegar verið er að fræsa yfirborð malbiks en líka malbik sem mokað er upp þegar malbiks slitlag er alveg fjarlægt t.d. þegar verið er að endurnýja lagnir í götum. Þessum malbiksafgöngum yrði safnað upp á starfsstöð fyrirtækisins á Berghólabraut. Malbiksfræs er hægt að nota beint sem jöfnunarlag (efsti hluti burðarlags) í vegagerð án frekari vinnslu. Malbiksafganga sem mokað er upp með gröfu þarf að mala í hefðbundum jarðefnamalara áður en það er nothæft sem jöfnunarlag. Öðru hverju yrði sá haugur sem safnast hefur upp af uppmokuðu malbiki malaður í hefðbundninni mölunarsamstæðu fyrir jarðefni. Ekki yrði um mikið magn að ræða og mölun væri aðeins stöku sinnum í gangi.

Til skoðunar er líka hjá Járnsmiðjunni að hita upp malbiksfræs og malað malbik áður en það er lagt til að auka viðloðun þess í jöfnunarlaginu.

Endurnýting á malbiki er vel þekkt og viðtekin aðferð í þessum iðnaði og Umhverfisstofnun hefur upplýsingar um tvær malbikunarstöðvar á Íslandi, Höfða og Hlaðbæ Colas, sem nota talsvert af gömlu malbiki sem er endurunnið og blandað saman við nýtt malbik.

Framleiðsla Járnsmiðjunnar gengur út á að nota fræst og malað malbik í jöfnunarlag við vegagerð undir klæðningu á stöðum þar sem lítið mæðir á, t.d. bílastæðum eða húsgötum með lítilli umferð. Einnig kemur til greina að nota þetta fræsta malbik sem endanlegt yfirborðslag þ.e. ekki leggja yfir það klæðningu. Þannig yfirborð yrði einskonar millistig milli malbiks og malarslitlags.

Fræsta malbikinu yrði án frekari meðhöndlunar jafnað út á verkstað með veghefli eins og gert er með hefðbundið jöfnunarlag. Til greina kemur hjá Járnsmiðjunni að hita fræsta malbikið upp áður en því er jafnað út til að auka gæði jöfnunarlagsins. Ef fræsta malbikið

er hitað upp áður en því er dreift á veginn eykst samloðun jöfnunarlagsins og þar með burðargeta þess.

Í dag er stór hluti þeirra malbiksafganga sem falla til utan höfuðborgarsvæðisins ekki endurnýttur. Víðast hvar eru malbiksafgangar urðaðir. Þeir eru af tvemnum toga. Annars vegar fræst malbik og hins vegar malbik (ekki fræst) sem mokað er upp með gröfum t.d. þegar verið er að endurnýja lagnir í götum. Fræsta malbikið er hægt að nota beint eins og það kemur fyrir t.d. sem undirlag undir nýtt malbik en malbiksafganga sem mokað er upp með gröfum er ekki hægt að nýta nema með því að vinna það frekar, t.d. með því að setja það í gegnum hefðbundin jarðefnamalara. Síðustu misseri hefur Reykjanesbær notað fræst malbik í göngustíg og bílastæði. Þá er fræsta malbikinu einfaldlega jafnað út með veghefli og stundum hefur verið valtað yfir. Áferðin á þessum svæðum er einhvers staðar á milli þess að líkjast malarslitali og malbiki. Hvað verkferla og vinnuaðferðir varðar er meðhöndlun á fræstu og/eða möluðu malbiki svipuð og þegar unnið er í venjulegri efnisvinnslu og vegagerð.

Stofnunin telur að ekki sé ástæða til að gera ítarlega úttekt á endurnýtingu malbiksins í svona tilfellum vegna þess hversu vel þekkt það er í malbiksiðnaði að endurnýta malbik með ýmsum hætti. Ekki er ástæða til þess að gefa ráðgefandi álit sbr. reglugerð nr. 1078/2015 þar sem jákvæð niðurstaða í ráðgefandi áliti er alveg augljós.

Eins og fulltrúi Járnsmiðjunanr lýsti fyrirhugaðri notkun malbiksafganga er ljóst að um mismikla vinnslu þeirra getur verið að ræða.

1. Ein leiðin er að safna saman malbiksfræsi og nota það beint sem jöfnunarlag undir klæðningu án frekari vinnslu. Umhverfisstofnun fær ekki séð að það falli undir nein ákvæði reglugerðar 550/2018.
2. Önnur leið er að safna saman uppmokuðu malbiki og setja það svo í gegnum hefðbundinn jarðefnamalara. Eftir mölun er það notað sem jöfnunarlag undir klæðningu.


Umhverfisstofnun telur að mölun malbiksafganga sem slík falli undir lið 2.1. (Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum) í X viðauka reglugerðar nr. 550/2018 sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir.

3. Þriðja leiðin er að hita upp malbiksfræs og/eða malað malbik til að auka viðloðun þess og þar með auka gæði jöfnunarlagsins. Hér gæti stundum verið heppilegt að bæta asfalti út í sem framleitt er í malbikunarstöð. Umhverfisstofnun telur ekki um sé að ræða jafngildi malbiksframleiðslu vegna þessu hversu ólíkur ferilinn er því sem fer fram í malbikunarstöð. Ekki er verið að þurrka steinefni og því ekki hætta á rykmengun. Stofnunin telur því að upphitun á fræstu eða möluðu malbiki falli ekki undir lið 3 (Olíumalar og malbikunarstöðvar) í IX viðauka sömu reglugerðar eða aðra starfsemi sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi.

Umhverfistofnun telur mögulegt að á meðan fræst eða uppmokað malbik er meðhöndlalað geti starfsemi þessi fallið undir liði 2.1 (steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum) eða 10.1 (geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva) í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, þar sem um tímabundinn atvinnurekstur er að ræða en í þess háttar atvinnurekstri veitir heilbrigðisnefnd starfsleyfi. Að öðru leyti er um jarðvinnuframkvæmdir að ræða að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að endurskoða þessa afstöðu síðar ef upplýsingar berast sem geta breytt forsendum hennar.

Á meðfylgjandi myndum má sjá mismunandi form af malbiki sem hægt er að endurnýta. Rétt að að taka fram að það sem sést á þessum myndum er ekki á vegum Járnsmiðjunnar.



Mynd 1. Fræst malbik jafnað út á bílastæði í Reykjanesbæ. Engin frekar úrvinnsla fer fram. Hér verður endanleg yfirborð því einskonar millistig milli malarslitlags og malbiks.




Mynd 2. Hér má sjá kornastærðina í fræstu malbiki.



Mynd 3. Malbik sem mokað hefur verið upp. Svona malbiksafganga þarf að mala ef nota á malbikið í einhvers konar endurvinnslu.

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

  
Sigurður Ingason  
sérfræðingur